

Börkur Sigurbjörnsson

Á hvorn veginn sem er

örsaga



Urban Volcano

Á hvorn veginn sem er

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024


<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Á HVORN VEGINN SEM ER

„Þvílíkt draumalíf sem við lifum nútildags“, nefndi lítill pipar-
fugl við annan stærri þar sem þeir sátu á grein geniptrés, bað-
andi sig í snemmmorgunssólinni eftir að hafa þanið sig út af
óhóflegu magni genipap ávaxta. „Ég meina, nú þegar mann-
fólkið er horfið á brott, þá er allt svo hljóðlegt, allt svo miklu
öruggara. Vindurinn er klárlega ferskari er hann strýkur þér
um gogginn þar sem hann líður áfram yfir votlendið. Við höf-
um séð fyrir endann á öllum hörmungum mannlegrar eyðilegg-
ingar. Bönd eru komin á skógareyðinguna. Öllum til heilla út-

rýmdi hamfarahlýnunin tegundinni sem olli henni. Það er eins og sönn náttúra hafi snúið aftur.“

„Ég verð að segja að ég sé heiminn ekki eins ljóðrænum augum og þú,“ svaraði stærri piparfuglinn í sínum vanalega lágstemmda og þunglynda tón. „Ég sé ekki að það sé svo mikill munur.“

„Nei? Hvers vegna ekki?“

„Sérðu til dæmis jagúarinn á greininni þarna fyrir neðan okkur?“ spurði stærri piparfuglinn án þess að hægt væri að heyra nokkra breytingu í röddinni. „Þann sem færir sig varlega í áttina til okkar?“

„Guð minn almáttugur, já,“ hrópaði minni fuglinn upp fyrir sig, sleppti greininni, flögraði upp og flaug yfir í krónu næsta trés þar sem hann kom sér fyrir á ný.

„Jæja,“ sagði stærri piparfuglinn eftir að hafa slegist í hóp með þeim minni á nýju greininni. „Næst er allt eins líklegt að þú gerir það ekki. Þú verður auðveld bráð fyrir hungraðan köttinn.“

Smærri fuglinn svaraði ekki, umvafinn óvanalegri þögn, starandi út í fjarskann.

„Á hvorn veginn sem er,“ hélt stærri piparfuglinn áfram. „Mannfólk eða ekki mannfólk. Það skiptir ekki öllu máli. Við étum. Við erum étnir. Þar hefurðu sanna náttúru.“

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstöðum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnu atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano